

Mýrdalshreppur

1. Febrúar 2010

Austurvegi 17

870 Vík

Athugasemdir vegna aðalskipulags Mýrdalshrepps

Ég er með 2 athugasemdir vegna fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu Mýrdalshrepps;

1. Ég geri alvarlegar athugasemdir við að ekki eru sýndar fleiri gönguleiðir á aðalskipulagsuppdrætti, þar sem skipulags-og byggingarnefnd var búin að vera með mikið fleiri tillögur til skoðunar, en þær mátti ekki setja inn á skipulagsuppdrátt án samráðs við landeigendur (sem var mjög mikilvægt þar sem einstaka rolla gæti styggst við mögulega umferð ferðamanna á afréttum og heiðum), og vegna þess að slíkt gæti haft skaðabótaskyldu í för með sér fyrir sveitarfélagið. En sömu menn telja að sér séu allir vegir færir með að setja veglínur inn á skipulagsuppdrátt án nokkurs samráðs við landeigendur og þá hljóta þeir að gera sér grein fyrir því að það getur eins bakað sveitarfélaginu skaðabótaskyldu.

Og því krefst ég þess að þær gönguleiðir sem gönguleiðahópurinn var búinn að leggja til að yrðu settar inn á aðalskipulagið verði allar settar þar inn.


2. Ég er algjörlega andvígur því að gert sé ráð fyrir þjóðvegi inni á ósasvæði Dyrhólaóss þar sem engin haldbær rök hafa komið sem styðja að það sé betra vegarstæði en Veglína 5a (efri leið um Vík) þar sem vegur er að mestu á jafnsléttu en er þó kominn út fyrir áhrifasvæði óssins (þar með

má búast við minni andstöðu umhverfisstofnunar og fleiri umhverfissamtaka) og það er líka sú veglína sem gefur mesta styttingu hringvegjar sem hægt er að finna og þar með er hún þjóðhagslega hagkvæmust, og að auki er hún þar með kominn á svæði þar sem hún liggur meira í mörkum jarða svo það á ekki að þurfa að vera eins mikil yfirkeyrsla landbúnaðartækja yfir veginn.

Ég krefst þess að sveitarstjórn sjái að sér og hætti við veglínu 3 (neðri leið um Dyrhólahverfi) og setji veglínu 5a (efri leið um Vík) inn á aðalskipulagsupphrátt.

Aths. Ég geri mér grein fyrir því að á ákveðnum tímapunkti síðasta vetur þá var ég tilbúinn að styðja hugmynd um neðri leið um Mosaháls ef samstaða næðist innan skipulags- og bygginganendar og sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um þá leið, en af því að það náðist ekki, þá gat ég ekki teyggt mig lengra þvert á mína samvisku.

Virðingarfyllt



Sveinn Þórðarson
Suðurvíkurvegi 8a
870 Vík
020564-4749